



Reykjavík, 26. febrúar 2020
SFS2020050062
203. fundur
HG/óks

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi fjölda eineltismála í leik- og grunnskólum og frístundastarfi á árunum 2017-2020 og meðferð þeirra.

Á 183. fundi skóla- og frístundaráðs, 12. maí 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi þess að nýleg úttekt eineltismála á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs nær einungis til árunna 2014-2017 er óskað upplýsinga um hversu mörg eineltismál hafi komið upp í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi á árunum 2017-2020. Þá er óskað upplýsinga um hvernig unnið hefur verið úr þeim málum og hversu mörg börn þ.e. þolendur og gerendur hafa þurft á sérfræðiaðstoð að halda í kjölfarið? Ennfremur er óskað upplýsinga um hvort biðlisti sé eftir slíkri sérfræðiaðstoð?

Svar:

Leikskólar

Til að fá fram umbeðnar upplýsingar var ákveðið að setja eftirfarandi spurningar inn í spurningavagn til skólustjórnenda í leikskólum Reykjavíkur. Hér má sjá svör þeirra varðandi fjölda eineltismála meðal barna á leikskólaaldri á árunum 2017-2020:

	Fjöldi eineltismála samkv. skólustjóra	Fjöldi mála vísað til sérfræðings í þjónustumiðstöð	Fjöldi mála á biðlista eftir aðstoð þjónustumiðstöðvar
2017-2018	7	4	1
2018-2019	2	0	0
2019-2020	6	1	0
Samtals mál árin 2017-2020	15	5	1

Yfir þetta árabil komu upp samtals 15 eineltismál í leikskólum borgarinnar. Í 5 þessara mála var leitað aðstoðar sérfræðings í þjónustumiðstöð og 1 mál lenti á biðlista eftir aðstoð.

Grunnskólar og frístundastarf

Til að fá umbeðnar upplýsingar var að sama skapi ákveðið að setja eftirfarandi spurningar inn í spurningavagn hjá skólastjórnendum í grunnskólum Reykjavíkur og forstöðumönnum frístundastarfs. Hér má sjá svör þeirra um fjölda eineltismála meðal barna á grunnskólaaldri á árunum 2017-2020:

	Fjöldi mála í grunnskólum samkvæmt skólastjóra	Þar af, fjöldi mála vísað til sérfræðings í þjónustumiðstöð	Þar af, fjöldi mála á biðlista eftir aðstoð þjónustumiðstöðvar	Þar af, fjöldi mála vísað til nemenda-verndarráðs	Þar af, fjöldi mála unninn í samvinnu við frístundastarfið	Fjöldi mála í frístundastarfi samkvæmt forstöðumönnum
2017-2018	67	11	0	32	10	14
2018-2019	78	9	0	34	21	16
2019-2020	64	16	0	36	15	17
Samtals mál árin 2017-2020	209	36	0	102	46	47

Yfir þetta árabil komu upp samtals 209 eineltismál í grunnskólum borgarinnar. Þar af var 102 málum vísað til nemendaverndarráðs, 36 málum vísað til sérfræðings í þjónustumiðstöð og 46 málanna voru unnin í samvinnu við frístundastarfið. Ekkert mál lenti á biðlista eftir aðstoð. Samkvæmt forstöðumönnum í frístundastarfi hefur þeirra fólk unnið að 47 málum á þessu tímabili. Þau 46 mál sem starfsfólk grunnskóla og frístundastarfs hafa unnið saman að eru hluti af heildarfjölda þeirra mála sem komu upp í grunnskólunum á tímabilinu.

Öll sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni á leik- og grunnskólaaldri, sem Reykjavíkurborg veitir, fer í gegnum þjónustumiðstöðvar borgarinnar.

Nánari tölur grunnskóla

Í leikskólum koma upplýsingar einvörðungu frá skólastjórnendum en þegar kemur að grunnskólum er einnig hægt að nýta svör nemenda úr Skólupúlslinum en rétt er að áréttu [að spurningakönnun Skólupúlslins nær eingöngu til nemenda í 6.-10. bekk.](#)


Hér fyrir neðan eru settar fram niðurstöður úr Skólupúlslinum fyrir árin 2017 - 2020 í grunnskólum Reykjavíkur. Vinsamlega athugið að sumir skólanna taka ekki þátt öll árin.

Vinsamlega hafið einnig í huga að taflan hér að ofan sýnir fjölda skráðra mála á meðan eineltið er hér fyrir neðan (á súluritunum) metið út frá eftirfarandi spurningunum:

- ✓ Mér fannst að einhver væri að baktala mig.
- ✓ Ég var beitt(ur) ofbeldi.
- ✓ Ég var skilin(n) útundan.
- ✓ Einhver sagði eitthvað særandi við mig.
- ✓ Mér leið mjög illa yfir því hvernig krakkarnir létu við mig.
- ✓ Mér leið mjög illa yfir því sem krakkarnir sögðu við mig eða um mig á netinu.


Meðaltal grunnskóla í Reykjavík er sýnt með rauðri línu þvert yfir súlurnar. Þær súlur sem fara yfir línuna sýna þá að þar mæltist eineltið meira en minna ef súlan er undir meðaltalinu.

Hér má sjá tölur úr Skólapúlsinum fyrir skólaárið 2017-2018:




Meðaltal skólaársins 2017-2018 er 5,1 í grunnskólum Reykjavíkur. Landsmeðaltalið er 5,3 þannig að grunnskólar borgarinnar eru undir meðaltalinu sem er jákvætt.

Hér má sjá tölur úr Skólapúlsinum fyrir skólaárið 2018-2019:



Meðaltal skólaársins 2018-2019 er 5,2 í grunnskólum Reykjavíkur sem fellur alveg að landsmeðaltalinu sem er einnig 5,2.

Að síðustu má hér sjá tölur úr Skólalappunum fyrir skólaárið 2019-2020:



Meðaltal skólaársins 2019-2020 er 5,3 í grunnskólum Reykjavíkur. Landsmeðaltalið er hins vegar 5,8 þannig að grunnskólar borgarinnar eru talsvert undir meðaltalinu sem er jákvætt.

Aðgerðir

Skóla- og frístundasvið hefur unnið ötullega að þessum málaflokki undanfarin ár og er m.a. starfshópur á skrifstofu sviðsins sem leiðir verkefnið *Vinsamlegt samfélag*. Með vinsamlegu samfélagi er átt við samfélag þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð og einelti er ekki liðið. Vinsamlegt samfélag vinnur samkvæmt gildum menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ þar sem félagsfærni er einn af grundvallarþáttunum. Vinsamlegt samfélag miðar að því að styðja við gerð virkra eineltisáætla og viðeigandi verkferla á starfsstöðum. Hópurinn er skipaður fulltrúum leikskóla-, grunnskóla- og frístundahluta fagskrifstofu, auk fulltrúa frá mannauðsskrifstofu. Fjölbreytt verkefni er miða að aukinni félagsfærni og þá um leið forvarnarstarfi gegn einelti eru vistuð á vefnum Vinsamlegt samfélag. Meðal verkefna má nefna eftirfarandi:

- [Gátlisti gegn einelti](#), sem unnin var í samstarfi við þjónustumiðstöðvar, fulltrúa foreldra, starfsmanna og stjórnenda og ætlað er að samræma aðgerðir gegn einelti á öllum starfsstöðum SFS.
- Verkefnið [ALLIR VINIR](#) sem unnið var að í samvinnu við Vöndu Sigurgeirsdóttur. Verkefnið Allir vinir veitir þekkingu og verkfæri til að fara í markvissa forvarnavinnu með yngstu börnunum.
- Veggspjaldið [Við berum öll ábyrgð](#), sem dreift var í skóla og frístundamiðstöðvar.
- [Myndbönd ætluð börnum og unglíngum](#), sem SFS lét gera í tilefni Dags gegn einelti. Tilgangur þeirra er m.a. sá að skapa umræðugrundvöll meðal barna og ungmenna til að efla félagsfærni þeirra.
- [Hagnýt ráð til foreldra](#) eftir sálfræðinginn Benedikt Braga Sigurðsson.
- [Myndbönd ætluð starfsfólki og foreldrum](#), sem SFS lét gera í tilefni Dags gegn einelti. Tilgangur þeirra er m.a. að efla þekkingu starfsfólks í skóla- og frístundastarfi og foreldra um hlutverk þeirra þegar kemur að samskiptum og vináttufærni barna og ungmenna og viðbrögðum gegn einelti.

Í takti við Menntastefnu Reykjavíkur er markmiðið að öll börn ljúki grunnskólagöngu sinni með brosi á vör og góðar minningar, eigi góða vini og séu tilbúin að halda áfram að vaxa og dafna og taka virkan þátt í samfélaginu. Öflugt starf varðandi vináttufærni, samskipti og félagsfærni almennt er mikilvægt lóð á þá vogarskál.